

Skólaráð Dalvíkurskóla – Fundargerðir 2024-25

1. fundur 9. október 2024

Dagskrá

1. Hlutverk skólaráðs
Friðrik fór yfir hlutverk skólaráð og val á fulltrúum.
2. Skólanámskrá
3. Starfsáætlun – Skólaráðs, fundaplan
Gert er ráð fyrir þrem fundum auk opins fundar skólaráðs sem verður eftir áramót.
4. Opinn fundur skólaráðs
5. Skólapúlsinn, fyrstu niðurstöður skólaársins
6. Skólamálaumræða
7. Önnur mál

2. fundur 15. janúar 2025

1. Erindi frá nemendum
Rætt um upphaf skóladagsins. Nemendur óska eftir að byrja seinna á morgnana. Dóra minnti á að skólinn hefði eitt sinn byrjað kl. 8:15. Í könnun sem gerð var fyrir nokkrum misserum vildu foreldrar að skólinn byrjaði kl. 8:00. Unglingaskólar í Reykjavík byrja kl. 8:30-8:45, Egilsstaðaskóli hefur gegnið lengst og byrjar kl. 9. Rökin með því að byrja seinna, 8:15, eru að þá hafa nemendur meira svigrúm til að mæta á réttum tíma og hægt er að stytta frímínútur sem því nemur þannig að ekki þarf að lengja skóladaginn. Friðrik tekur að sér að skoða málið og hvort er að gera einhverjar breytingar á upphafi skóladags í vor eða næsta haust.
2. Skólapúlsinn 2.-5. bekkur
Þar sem ekki náðist að kynna Skólapúlsinn á síðasta fundi voru niðurstöður 6.-10. bekkjar einnig kynntar.
Heimalestur gengur ekki nógu vel og verið er að vinna í ýmsu til að halda betur utan um hann og eins að bjóða upp á fjölbreytt verkefni t.d. lesskilningsverkefni og hlustun. Heimalestur þarf að auka þrautsegju og úthald, nemendur ná ekki að gleyma sér við bókalestur. Dóra benti á að mikilvægt væri að nálgast lestur og stærðfræði með breyttum vinnubrögðum. Við erum í samkeppni við símann og áhrif hans á lestur. Lestur getur orðið of einhæfur og því þarf að vinna með texta sem uppfylla hæfniviðmið. Aðferðir gagnvirs lesturs geta verið góðar. Kenna þarf nemendum að hlusta t.d. eru yngstu börnin ekki von að sitja og hlusta á sögu. Skoða þarf hvort og hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á lestri og lestrarefni, t.d. meistararitgerðir. Huga þarf vel að lestraráhuga og málskilningi sem er forsenda áhuga og úthalds. Niðurstöður eru mjög jákvæðar í 2.-5. bekk en áhugi dvínar eftir því sem líður á skólagönguna. Við þurfum að spyrja okkur hvað veldur og hvað er hægt að gera til að sporna við þessari þróun.
3. Kynning á fjárhagsáætlun
4. Opinn fundur skólaráðs – foreldrasamstarf og farsældarsáttmáli, nemendur kynna verkefni Kynning á farsældarsáttmála Heimilis og skóla
Rætt um efni fundarins. Stefnt er að því að sá fundur verði í febrúar og efni fundarins verði að kynna Farsældarsáttmálann sem Heimili og skóli kynnti á fundi í október og vinna

þarf í öllu árgöngum.
Bekkir gætu einnig sagt frá og kynnt verkefni á fundinum.

5. Önnur mál
Rætt um lestur og áherslur í lestrarnámi

3. fundur 14. maí 2025

Mættir: Friðrik Arnarson, Matthildur Matthíasdóttir og Dórópea Reimarsdóttir. Aðrir boðuðu forföll

Dagskrá

1. Erindi frá nemendum

Féll niður þar sem ekki náðist að halda fund í námsnefnd fyrir fundinn og undirbúa nemendur. Rætt um að þetta megi ekki falla niður enda eitt það skemmtilegasta á fundum að heyra rödd nemenda og hvernig við getum komið til móts við hugmyndir þeirra í leik og starfi.

2. Skóladagatal 2025-26

Lagt fram til kynningar

3. Niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins

Farið yfir niðurstöður í foreldra- og starfsmannakönnun. Almennt er um góðar niðurstöður að ræða. Foreldrar eru ánægðir með flesta matsþætti en mikilvægt er að hafa í huga mat á líðan og samskipti starfsfólks við nemendur og einelti/eineltismál þarf alltaf að skoða. Engin eineltismál eru nú í skoðun hjá samskipta- og eineltisteymi. Mikilvægt að leitað sé eftir tillögum og ábendingum frá foreldrum þannig að þeir hafi sína rödd í námi barna sinna.

Starfsmannakönnun kom vel út en viðhorf til kennarastarfsins þarf að skoða betur.

4. Umræða um fyrirlestur í Bergi

Vel heppnaður fyrirlestur og vel sóttur.

5. Önnur mál

Lestrarmál, nýjar nálganir við skráningu heimalesturs sem appið Læsir heldur utan um.

Næsta vetur er reiknað með sömu fulltrúum í skólaráði og að Dóra verði áfram fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Fundargerð ritaði Friðrik